



397. fundur Þingvallanefndar

Fundur var haldinn á nefndasviði Alþingis þann 30. janúar 2013 kl. 11:45. Mættir voru Álfheiður Ingadóttir formaður nefndarinnar, Björgvin G. Sigurðsson, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Sigurður Ingi Jóhannsson, Valgerður Bjarnadóttir, Þuríður Backman, Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og Hrefna Sýlvía Sigurgeirsdóttir sem ritaði fundargerð.

Práinn Haukson frá Landslagi ehf. sat fundinn undir 4. lið.

Þetta gerðist:

1. Gjaldskrár.

Þjóðgarðsvörður kynnti tillögur að breytingu á gjaldskrá þjóðgarðsins á árinu 2013.

Tjaldsvæði: Samþykkt að hækka gjald á tjaldsvæði úr 1.000 kr. í 1.300 kr.

Veiðileyfi og veiðitími: Samþykkt að hækka veiðileyfi í Þingvallavatni úr 1.500 kr. í 2.000 kr.

Samþykkt að takmarka veiðitíma í Þingvallavatni þannig að aðeins verði heimilt að veiða frá klukkan 05:00 að morgni til klukkan 23:30 að kvöldi. Ragnheiður Elín greiddi atkvæði gegn tillögunni og óskaði bókað að hún kjósi frekar að brýnt verði fyrir gestum að hafa ró á svæðinu.

Kvikmyndataka: Samþykkt að taka gjald vegna kvikmyndatöku í þjóðgarðinum og að gjaldið fari eftir umfangi. Þjóðgarðsverði var falið að útfæra gjaldskrá og leggja fyrir nefndina. Jafnframt var samþykkt að taka upp gjald vegna þjónustu á tjaldstæðunum þ.e. fyrir sturtu- og þvottaaðstöðu. Þjóðgarðsverði var einnig falið að útfæra gjaldskrá vegna þessa. Ragnheiður Elín var á móti þessum tillögum og vísaði til þess að ekki væri búið að útfæra þá þjónustu sem rukka á fyrir.

2. Silfra – fyrirmæli Siglingastofnunar vegna köfunar og yfirborðsköfunar í þjóðgarðinum á Þingvöllum.

Lögð fram breytt drög að fyrirmælum frá Siglingamálastofnun í samræmi við ábendingar Þingvallanefndar, sbr. 296. fund. Nefndin gerir ekki athugasemdir við drögin en óskar eftir því að endanlegt skjal verði sent til nefndarinnar um leið og það liggur fyrir. Einnig að nefndarmenn fái svar við fyrirspurn Ragnheiðar Elínar frá síðasta fundi nefndarinnar.

3. Skýrsla um athugunar á fráveitum og vatnsöflun sumarbústaða í þjóðgarðinum.

Lögð fram skýrsla um athugun á fráveitum og vatnsöflun sumarbústaða í þjóðgarðinu. Skýrslan og gagnaöflun var unnin af Ástráði Guðmundssyni löggiltum matsmanni í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Formaður lagði til að skýrslan yrði send til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands til umsagnar. Samþykkt.

4. Kynning á framkvæmdar- og rekstraráætlun þjóðgarðsins fyrir árið 2013.

Þráinn Hauksson landslagsarkítekt fór yfir þau verkefni sem fyrirhuguð eru í þjóðgarðinum sem snúa að stígum, skiltum og merkingum. Vegna fjölgunar ferðamanna er nauðsynlegt að dreifa álaginu um garðinn og tryggja þannig öryggi ferðamanna um leið og gróður og ásýnd landsins er varin gegn átroðningi.

Stærstu framkvæmdirnar eru ráðgerðar í Almannagjá við Drekkingarhyl og við Öxarárfoss og snúa einkum að því að bæta aðgengi með nýju undirlagi stíga, pöllum og handriðum.

Áætlunin var lögð fyrir nefndina til kynningar og var þjóðgarðsverði falið að forgangsraða verkefnum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl 13:05.